

sjó-r *kk – hestur*
[sjávar (-s), -ar]

– hún ætlar á sjóinn í sumar

‡ • sjómaður » haf

bíða *so sb-1 – grípa*
[beið, biðum, beðið]

– hún bíður eftir strætó

‡

oft *ao*
[oftar, oftast]

– ég fer oft í bíó á kvöldin

‡ oft « sjaldan

aldrei *ao*

– ég hef aldrei komið hingað áður

‡ aldri « alltaf, ævinlega; stundum

sumar *hk – hús Ö B*
[-s, sumur]

– þetta verður sólríkt sumar

‡ « vetur

hvaða *fn ób*

– hvaða læti eru þetta?

‡

sterk-ur *lo – gulur*
[-, -t; -ari, -astur]

– þetta er sterkur kaðall

‡ sterk

foreldrar *kk ft – tími*

– ég bý hjá foreldrum mínum

‡ forellrar

trufl-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– ekki trufla mig við vinnuna!

‡

flugvél *kv – nál*
[-ar, -ar]

– flugvélin lendir í Keflavík

‡ • fljúga, vél

dýr *lo – gulur R*
[-, -t; -ari, -astur]

– þetta er dýr veitingastaður

‡ dýrr « ódýr

vor *hk – hús*
[-s, -]

– farfluglarnir koma á vorin

‡ vár « haust

sadd-ur *lo – gulur Ö*
[södd, satt; -ari, -astur]

– ekki meira takk nú er ég södd

‡ saddr/saðr

þorn-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– þvotturinn þornar á snúrunni

‡ • þurrka, þurr

pappír *kk – hestur O*
[-s, -ar]

– það vantar pappír í prentarann

‡

atvinn-a *kv et – stofa*
[-u]

– það er enga atvinnu að fá

‡ • vinna (no), vinna (so)